



29.07.2026

**Bæjarráð - 25002500. fundur bæjarráðs
haldinn á bæjarskrifstofu, þriðjudaginn 28. júlí 2026
og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Kristján Jón Guðmundsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Baldur Smári Einarsson, Þorbergur Haraldsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jóhanna Ósk Halldórsdóttir, Guðfinnur Ragnar Jóhannsson og Kristinn Gauti Einarsson.

Fundargerð ritaði: Kristinn Gauti Einarsson, staðgengill bæjarstjóra

Dagskrá:

1. Tímalína Bæjarráðs 2026 - 2606050

Lagt fram uppfært yfirlit yfir helstu mál og verkefni sveitarfélagsins. Tímalínan er innra vinnuskjal sem ætlað er að styðja við áætlanagerð, forgangsroðun verkefna og yfirsýn bæjarráðs yfir stöðu mála hverju sinni.

Lögð fram uppfærð tímalína helstu verkefna sveitarfélagsins. Bæjarráð ræddi stöðu mála og tekur tímalínuna til kynningar.

2. Almyrkvi 12. ágúst 2026 - 2606025

Lagt er fram til kynningar minnisblað frá fundi fulltrúa Bolungarvíkurkaupstaðar, lögreglu, björgunarsveitarinnar Ernis og ferðapjónustuaðila sem haldinn var 22. júlí 2026 vegna undirbúnings fyrir almyrkva á Bolafjalli 12. ágúst 2026. Í minnisblaðinu er farið yfir fyrirhugað skipulag umferðar, öryggisgæslu, aðstöðu og aðra verkþætti tengda viðburðinum.

Erindi kynnt.

3. Hleðslustöðvar - 2607022

Til umfjöllunar er ákvörðun um að taka fríar hleðslustöðvar á vegum Bolungarvíkurkaupstaðar úr notkun. Með breytingunni er gert ráð fyrir sparnaði í rekstri sveitarfélagsins. Jafnframt standa yfir viðræður við þjónustuaðila um fjölgun almennra hleðslustöðva í sveitarfélaginu til að mæta þjónustubörf notenda.

Bæjarráð samþykkir að gjaldfrjálsar hleðslustöðvar á vegum Bolungarvíkurkaupstaðar verði teknar úr notkun og felur bæjarstjóra að fylgja eftir viðræðum við þjónustuaðila á markaði um uppsetningu nýrra hleðslustöðva í sveitarfélaginu.

4. Reiðhjallavegur lagfæring - 2607023



29.07.2026

Lagt fram erindi frá Orkubúi Vestfjarða varðandi endurbætur á Syðridalsvegi að Reiðhjallavirkjun.

Bæjarráð tekur vel í erindið og felur bærastjóra að kalla eftir frekari upplýsingum um framkvæmdir svo hægt sé að taka afstöðu til þeirra.

5. Framkvæmdir 2026 - 2606040

Lagt verður fram yfirlit yfir stöðu framkvæmda og fjárfestinga árið 2026, ásamt mati á framvindu verkefna og fjárhagslegri stöðu þeirra. Bæjarráð ræðir stöðu verkefna og næstu skref eftir því sem við á.

Bæjarráð metur stöðuna þannig að það þurfi að endurskoða forgangsörðun verkefna eftir fjárheimildum og fara ekki í frekari fjárfestingar umfram framkvæmdaáætlun 2026.

Bæjarráð felur bærastjóra að kanna stöðu verks við grunnskólann þar sem framkvæmdum á að vera lokið 1. september.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:27